



# Fundargerð háskólaráðs

256. fundur þann 19. júní 2007

Þorsteinn Gunnarsson rektor setti fund kl. 14:30.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara á símafundi til kl. 16:25  
Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Guðmundur Heiðar Frímansson staðgengill rektors  
Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Elín Díanna Gunnarsdóttir deildarforseti  
Hermann Óskarsson deildarforseti  
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður  
Kristján Kristjánsson prófessor og formaður dómnefndar HA  
Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður

---

Rektor kynnti dagskrá.

## 1. Fundargerð 255. fundar

Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.

## 2. Innritun 2007

Laufey Petrea gerði grein fyrir innritun nýnema. Alls bárust 592 umsóknir, 74 var hafnað og 13 hafa hætt við. Háskólaráð samþykkti tillögur um innritun með fyrirvara um breytingar við endurskoðun rekstraráætlunar (4. dagskrárliður).

Ingi Rúnar lagði fram til mats gögn frá umsækjanda um nám í tölvunarfræði sem ekki hefur lokið nema 30 einingum í framhaldsskóla en hefur áhugaverða starfsreynslu í forritun. Umsókninni var hafnað.

Vegna fyrirspurnar þar að lútandi staðfesti rektor að miðað er við að undanþága til að taka inn umsækjendur sem ekki hafa stúdentspróf miðast við 10% af grunnnámi. Ákveðið var að taka við umsóknum fram að mánaðarmótum júní-júlí, þó aðeins umsóknum í staðarnám í viðskipta- og raunvísindadeild. Aðeins verður tekið við umsóknum sem uppfylla inntökuskilyrði.

## 3. Rekstraryfirlit janúar – maí 2007

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–maí 2007. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 444,11 m.kr. (41,37% af áætlun ársins) þar af 258,71 m.kr. vegna kennsludeilda. Úlfar sagði að 10-15 m.kr. hækkun á launaliði, umfram forsendur rekstraráætlunar, væri fyrirsjáanleg vegna innleiðingar á nýju starfsmatskerfi.

## 4. Endurskoðun rekstraráætlunar 2007

Ingi Rúnar gerði grein fyrir tillögum framkvæmdastjórnar um að ekki verði innritað í sjávarútvegsfræði nema til komi aukið fjármagn frá hagsmunaaðilum og að ekki verði teknir inn nemendur í umhverfis- og orkufræði að þessu sinni. Námsskipulag í umhverfis- og orkufræðum verði endurskoðað með hliðsjón af námsskipulagi í

alþjóðlegum orkuskóla RES. Stefnt verði að því að innrita í námið haustið 2008. Háskólaráð samþykkti tillögurnar.

Elín Díanna kynnti tillögur um sparnað í félagsvísinda- og lagadeild. Tillögurnar voru samþykktar. Guðmundur gerði grein fyrir fundi sem hann, Ólafur og Úlfar áttu með sjávarútvegsráðherra og framkvæmdastjóra LÍÚ um stöðu sjávarútvegsfræða við háskólann. Niðurstöður þessara funda liggja ekki fyrir.

**5. Skýrsla Ríkisendurskoðunar –**

**Kostnaður, skilvirkni og gæði kennslu**

Ingi Rúnar kynnti skýrslu Ríkisendurskoðunar um kostnað, skilvirkni og gæði kennslu. Borin voru saman nokkur atriði er varða kennslu í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði á tímabilinu 2003–2005 hjá samtals fjórum háskólum.

**6. Dómnefndarálit**

Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar HA gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Áróunar K. Sigurðardóttur um framgang úr starfi lektors í starf dósents. Háskólaráðs samþykkti álitid.

**7. Innkaupastefna HA**

Ólafur Búi kynnti drög að innkaupastefnu HA. Háskólaráð samþykkti stefnuna. Ólafur sagði einnig frá því að tilboð væri komið í húsnæði HA í Sunnuhlíð. Háskólaráð samþykkti að fela Végeirsstaðasjóði að ganga frá samningum.

**8. Samstarf við MIRRU, Miðstöð innflytjendarannsókna**

Fyrir fundinum lá bréf frá MIRRU, Miðstöð innflytjendarannsókna þar sem óskað er eftir að HA tilnefni fulltrúa í fagra MIRRU. Háskólaráð samþykkti að tilnefna Þórodd Bjarnason prófessor.

**9. Kosningar til háskólaráðs**

Rektor kynnti niðurstöður kosninga í háskólaráð. Á aðalfundi FSHA í mars sl. var Hjálmar Brynjólfsson nemi í lögfræði endurkjörinn fulltrúi nemenda til eins árs. Varafulltrúi hans er Sara Halldórsdóttir einnig nemi í lögfræði.

Kennarar kusu fyrr í mánuðinum fulltrúa sína í háskólaráð til næstu tveggja ára. Sólveig Ása Árnadóttir lektor og Þóroddur Bjarnason prófessor voru kjörin aðalfulltrúar og til vara Finnur Friðriksson aðjúnkt og Hrefna Kristmannsdóttir prófessor. Nýir fulltrúar taka við á fyrsta fundi haustmisseris.

Ingi Rúnar taldi tímabært að endurskoða fyrirkomulag kosninga á fulltrúum kennara. Ákveðið var að taka málið upp á haustmisseri.

**10. Önnur mál**

10.1 Hermann kynnti drög að samkomulagi HA og Reykjalundar um kennslu og rannsóknir í endurhæfingu og samstarfssamningi sömu aðila um vettvangsnám í iðjupjálfun og klínískt nám í hjúkrunarfræði. Háskólaráð gaf rektor umboð til að undirrita samningana.

10.2 Dreift var til fróðleiks nýnemakönnun sem gerð var á haustmisseri 2006.

10.3 Dreift var til fróðleiks könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sem gerð var á vegum fjármálaráðuneytis á árinu 2006.

10.4 Ingi Rúnar spurðist fyrir um hvað væri gert ef umsækjanda væri boðin staða sem hann hefði sótt um og hann hafnaði henni. Hvort stofnuninni bæri, skv. stjórnsýslulögum, að ganga á röð umsækjenda. Guðmundur kvaðst kanna málið.

Rektor þakkaði Ingibjörgu og Inga Rúnari gott samstarf.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:10